



Bæjarstjórn Garðabæjar 17. (895)/2021

Boðað er til 17. (895). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 2. desember 2021 kl. 17:00 Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Dagskrá:

1. 2111035F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/11 '21.
2. 2111046F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/11 '21.
 - 1907083 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna Víkurgötu 19.
 - 2108232 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Blikanes 22.
 - 2109133 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Blikanes 6.
 - 2102544 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi vegna uppsetningar aðkomutákns við mörk Garðabæjar og Hafnarfjarðar við Reykjanesbraut.
 - 2108621 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna göngustígs o.fl. við Mosagötu.
 - 2110336 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulegt frávík frá deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Grímsgötu 2-4.
 - 2105498 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts vegna íbúðarbyggðar við Þorraholt.
 - 2110329 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Iðnbúðar og Smiðsbúðar vegna lóðarinnar við Iðnbúð 6.
3. 2111025F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 24/11 '21.
4. 2111021F - Fundargerð leikskólanefndar frá 23/11 '21.
5. 2111027F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 15/11 '21.
6. 2111014F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 11/11 '21.
7. 2111041F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 25/11 '21
8. 2110054F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 24/11 '21.



9. 2109049F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 30/9 '21.
10. 2101300 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 19/11 '21.
11. 2102108 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 10/11 '21.
12. 2011383 - Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannssaðstoðar
13. 2111123 - Tillaga að breytingum á samþykktum um stjórn Garðabæjar
14. 2106536 - Tillaga um álagningu fasteignagjalda árið 2022.
15. 2106536 - Gjaldskrá sorphirðu í Garðabæ.
16. 2106536 - Gjaldskrá um hreinsun taðpróa í hesthúsahverfinu á Kjóavöllum.
17. 2106536 - Gjaldskrá leikskóla.
18. 2106536 - Gjaldskrá fyrir frístundaheimili.
19. 2106536 - Gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar.
20. 2106536 - Gjaldskrá vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.
21. 2106536 - Gjaldskrá sundlauga Garðabæjar.
22. 2106536 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 (2022-2025)

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
16. (894). fundur 2021

Fimmtudaginn 18. nóvember 2021 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1273/2021.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Ingvar Arnarson, Harpa Þorsteinsdóttir og Valborg Ösp Á. Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins.

Almar Guðmundsson, fyrsti varaforseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 4. nóvember 2021 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2111236 - Auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvörðunartöku við stjórn sveitarfélaga.

Lögð fram eftirfarandi tillaga.

„Bæjarstjórn samþykkir að heimilað verði að nota fjarfundarbúnað á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda sveitarfélagsins og víkja frá skilyrði í 2 mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga um framkvæmd fjarfunda.

Bæjarstjórn samþykkir að fundargerðir verði lesnar upp í lok fundar og samþykktar. Fundargerðir skulu sendar fundarmönnum með tölvupósti og undirritaðar með rafrænum undirskriftum, sbr. c. liður 8. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða nr. 1181/2021, sbr. 7. gr. auglýsingar um framkvæmd fjarfunda í sveitarstjórn nr. 1182/2021

Samþykkt þessi er gerð með vísan til auglýsingar um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga nr. 1273/2021.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. 2111008F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/11 '21.

Ingvar Arnarson, ræddi 15. tl., bréf Siglingaklúbbsins Vogs um bættu aðstöðu í Arnarvogi.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2022.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 14. tl., bréf Minjaverndar varðandi endurbyggingu yfirlæknishúss að Vífilsstöðum og 15. tl., bréf Siglingaklúbbsins Vogs um bættu aðstöðu í Arnarvogi.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 10. tl., bréf foreldrafélags Álftanesskóla varðandi framkvæmdir á skólalóð Álftanesskóla.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 10. tl., bréf foreldrafélags Álftanesskóla varðandi framkvæmdir á skólalóð Álftanesskóla, 15. tl., bréf Siglingaklúbbsins Vogs um bættu aðstöðu í Arnarvogi og 16. tl., erindi TH varðandi útisafn með vikingaþema á höfuðborgarsvæðinu.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., Kumlamýri - úthlutun lóða og sölu byggingarréttar.

Gunnar Einarsson, ræddi 16. tl., erindi TH varðandi útisafn með víkingapema á höfuðborgarsvæðinu og 4. tl., Kumlamýri - úthlutun lóða og sölu byggingarréttar.

Fundargerðin sem er 17 tl., er samþykkt samhljóða.

3. 2111022F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/11 '21.

Gunnar Einarsson, ræddi 9. tl., starfsemi leikskóla Garðabæjar.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 9. tl., starfsemi leikskóla Garðabæjar.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 9. tl., starfsemi leikskóla Garðabæjar.

Harpa Þorsteinsdóttir ræddi 9. tl., starfsemi leikskóla Garðabæjar.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. 5 við fjárhagsáætlun 2021 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

„Á fundi bæjarráðs þann 6. júlí sl. var samþykkt hækkun á gjaldskrá fyrir skólamat, með gjaldskrárhækkuninni hækkar niðurgreiðsla bæjarins með skólamat um 4 m.kr.

Skólamatur grunnskóla	4.000.000	04030-9177
-----------------------	-----------	------------

Nýr leikskóli í rekstri Garðabæjar frá haustmánuðum 2021. Laun, leiga og annar rekstrarkostnaður Mánahvoll	44.000.000	04122-
--	------------	--------

Fleiri börn hjá dagforeldrum en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir og hækkun á framlögum til dagforeldra sbr. samþykkt bæjarráðs 12.10. sl.

Dagforeldrar	9.000.000	04170-9173
--------------	-----------	------------

Vegna vinnu við stafræna þróun á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga og Garðabæjar sbr. kynningar í bæjarráði, þarf að bæta við fjárhagsáætlun 12 m.kr.

Stafræn þróun	12.000.000	21400-
---------------	------------	--------

Vegna sumarátaksvinnu ungs fólks þarf að bæta við fjárhagsáætlun ársins þar sem fjöldi ungmenna varð meiri en áætlun gerði ráð fyrir, allir fengu starf, sbr. kynning mannauðsstjóra í bæjarráði.

Sumarátaksvinna ungs fólks	96.000.000	11330-
----------------------------	------------	--------

Sumarátak stutt með þátttöku Vinnumálastofnunar	6.000.000	11340-
---	-----------	--------

Fjármögnun viðauka

Viðauka er mætt með hækkun á staðgreiðslu útsvars.

Staðgreiðsla	171.000.000	00010-0021“
--------------	-------------	-------------

Fundargerðin sem er 12 tl., er samþykkt samhljóða.

4. 2111009F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 9/11 '21.

Fundargerðin lögð fram.

5. 2111014F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks, frá 11/11 '21.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., aðgengi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2111013F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 12/11 '21.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 5. tl., mengunarmælingar og 6. tl., loftslagsstefnu Garðabæjar.

Ingvar Arnarson, ræddi 5. tl., mengunarmælingar og 6. tl., loftslagsstefnu Garðabæjar.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 2. tl., starfsskýrslu Skógræktarfélags Garðabæjar

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 6. tl., loftslagsstefnu Garðabæjar.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., starfsskýrslu Skógræktarfélags Garðabæjar.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 5. tl., mengunarmælingar, 6. tl., loftslagsstefnu Garðabæjar, 2. tl., starfsskýrslu Skógræktarfélags Garðabæjar og 3. tl., ársskýrslu Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 6. tl., loftslagsstefnu Garðabæjar.

Gunnar Einarsson, ræddi að nýju 2. tl., starfsskýrslu Skógræktarfélags Garðabæjar.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 1/11 '21.

Fundargerðin lögð fram.

8. 2102176 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 15/10 '21.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., fjárhagsáætlun og gjaldskrá Sorpu bs. fyrir árið 2022.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., fjárhagsáætlun og gjaldskrá Sorpu bs. fyrir árið 2022.

Fundargerðin lögð fram.

9. 2101300 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 29/10 '21.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., fjárhags- og starfsáætlun Strætó bs. fyrir árin 2022 – 2026 og 5. tl., stöðu jafnréttismála og jafnlaunavottun.

Fundargerðin lögð fram.

10. 2101004 - Kosning fulltrúa í stjórn Hönnunarsafns Íslands og skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar.

Gunnar Einarsson lagði fram tillögu um að kjósa Margréti Gunnlaugsdóttur, Árakri 11, sem aðalfulltrúa í stjórn Hönnunarsafns Íslands í stað Kristínar Björgvinsdóttur, sem flutt er úr bænum.

Þá lagði Gunnar fram tillögu um að kjósa Unni B. Johnsen, Lækjarfit 6, sem aðalfulltrúa í skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar í stað Sigrúnar Gísladóttur, sem er látin og Sigríði Indriðadóttur, Bæjargili 120, sem varafulltrúa í stað Unnar sem nú verður aðalfulltrúi.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framkomnar tillögur.

11. 2111246 - Tillaga Garðabæjarlistans um átak til að fjölga félagslegu leiguhúsnæði í Garðabæ.
Ingvar Arnarson kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að ráðast í átak til að fjölga félagslegum leiguíbúðum með því að auka fjárveitingu til kaupa á íbúðum í 450 milljónir fyrir árið 2022, í 350 milljónir fyrir árið 2023 og 350 milljónir fyrir árið 2024. Einnig samþykkir bæjarstjórn að leita leiða til að fjölga lóðum fyrir óhagnaðardrífín leigufélög í Garðabæ.“

Greinargerð

Í ljósi þess að fjölgað hefur á biðlistum eftir félagslegu leiguhúsnæði, fáir fengið úthlutað og lítið verið bætt við af íbúðum í eigu bæjarins er nauðsynlegt að bregðast við. Í úttekt Kjarnans frá 2018 á félagslegu leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu kemur meðal annars fram að í Reykjavík eru tæplega 20 félagslegar íbúðir á hverja þúsund íbúa og í Kópavogi eru þær tæplega 13. Í Hafnarfirði eru þær um átta. Einnig kemur fram í úttektinni að þrjú sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu taki mun minni þátt í því að sjá þurfandi fólki fyrir félagslegu húsnæði. Í Garðabæ voru tæplega tvær félagslegar íbúðir á hverja þúsund íbúa, í Mosfellsbæ voru tæplega þrjár á hverja þúsund íbúa og á Seltjarnarnesi um 3,5 félagslegar íbúðir á hverja þúsund íbúa.

Síðan 2018 hefur íbúum Garðabæjar fjölgað og lítið verið bætt við af félagslegu leiguhúsnæði, þannig að út frá núverandi gögnum á Garðabær ca. 1,6 íbúðir á hverja þúsund íbúa árið 2021.

Gunnar Einarsson, tók til máls um framkomna tillögu og lagði til að henni verði vísað til bæjarráðs.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls um framkomna tillögu.

Almar Guðmundsson, tók til máls um framkomna tillögu.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls um framkomna tillögu.

Ingvar Arnarson, tók til máls að nýju um framkomna tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að vísa tillögunni til bæjarráðs.

12. 2106536 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 - Tillaga um álagningarhlutfall útsvars.

Gunnar Einarsson gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um álagningu útsvars á árinu 2022.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 13,70% á tekjur manna á árinu 2022 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24. gr. laganna. Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2021 samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

13. 2111123 - Tillaga að breytingum á samþykktum um stjórn Garðabæjar.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögu að breytingum á samþykktum um stjórn Garðabæjar og lagði til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert.,


Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Valborg Ösp Á. Warén, (sign)


Undirritunarsíða

Áslaug Hulda Jónsdóttir




Undirritað af:
Áslaug Hulda
Jónsdóttir
0505764699
Dags: 19.11.2021
Tími: 19:32:15
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7a320f45-
85a4-440a-924c-
accb94bb0198

Sigríður Hulda Jónsdóttir




Undirritað af:
Sigríður Hulda
Jónsdóttir
1809645689
Dags: 19.11.2021
Tími: 11:50:52
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7a320f45-
85a4-440a-924c-
accb94bb0198

Sigurður Guðmundsson




Undirritað af:
Sigurður
Guðmundsson
2003703419
Dags: 23.11.2021
Tími: 10:28:02
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7a320f45-
85a4-440a-924c-
accb94bb0198

Gunnar Valur Gíslason




Undirritað af:
Gunnar Valur Gíslason
0603586809
Dags: 19.11.2021
Tími: 12:11:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7a320f45-
85a4-440a-924c-
accb94bb0198

Jóna Sæmundsdóttir




Undirritað af:
Jóna Sæmundsdóttir
1903582169
Dags: 19.11.2021
Tími: 11:02:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7a320f45-
85a4-440a-924c-
accb94bb0198

Almar Guðmundsson




Undirritað af:
Almar Guðmundsson
0305722979
Dags: 22.11.2021
Tími: 11:57:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7a320f45-
85a4-440a-924c-
accb94bb0198

Gunnar Einarsson




Undirritað af:
Gunnar Einarsson
2505554079
Dags: 19.11.2021
Tími: 11:13:40
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7a320f45-
85a4-440a-924c-
accb94bb0198

Ingvar Arnarson




Undirritað af:
Ingvar Arnarson
2406783819
Dags: 19.11.2021
Tími: 18:16:57
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7a320f45-
85a4-440a-924c-
accb94bb0198

Harpa Þorsteinsdóttir



Undirritað af:
Harpa Þorsteinsdóttir
2706862229
Dags: 22.11.2021
Tími: 11:53:30
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7a320f45-
85a4-440a-924c-
accb94bb0198


Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson



Undirritað af:
Guðfinnur Guðjón
Sigurvinsson
1908784069
Dags: 22.11.2021
Tími: 12:14:02
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7a320f45-
85a4-440a-924c-
accb94bb0198

Undirritunarsíða

Valborg Ösp Á. Warén



Undirritað af:
Valborg Ösp Á. Warén
1706824089
Dags: 22.11.2021
Tími: 10:39:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 7a320f45-
85a4-440a-924c-
accb94bb0198

Bæjarráð Garðabæjar
45. (2003). fundur 2021

Þriðjudaginn 23. nóvember 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Ingvar Arnarson, varamaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningar sviðs, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2106536 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 (2022-2025).

Bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögu um álagningu fasteignagjalda og tillögu um að hækka gjaldskrár almennt um 2,5% í samræmi viðmið lífsskjarasamningana 2019-2022.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri fór yfir tillögur að breytingum milli umræðna og áhrif þeirra á efnahag, sjóðstreymi og lykiltölur. Um óverulegar breytingar er að ræða.

Bæjarfulltrúarnir Björg Fenger og Harpa Þorsteinsdóttir, voru á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1 og 2.

2. 2111246 - Tillaga Garðabæjarlistans um átak til að fjölga félagslegu leiguhúsnæði í Garðabæ.

Lögð fram tillaga Garðabæjarlistans sem bæjarstjórn samþykkti að vísa til umfjöllunar bæjarráðs.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að ráðast í átak til að fjölga félagslegum leiguíbúðum með því að auka fjárveitingu til kaupa á íbúðum í 450 milljónir fyrir árið 2022, í 350 milljónir fyrir árið 2023 og 350 milljónir fyrir árið 2024. Einnig samþykkir bæjarstjórn að leita leiða til að fjölga lóðum fyrir óhagnaðardrífín leigufélög í Garðabæ.“

Bæjarráð vísar tillögunni til afgreiðslu við síðari umræðu um fjárhagsáætlun.

3. 1808087 - Staða framkvæmda við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.

Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við fjölnota íþróttahús. Lögð fram stöðuskýrsla, dags. í nóvember 2021. Fram kom að verið er byrja að leggja gervigrasteppi á gólf hússins.

Bæjarráð stefnir á að fara í skoðunarferð í húsið eftir fund bæjarráðs 6. desember nk.

4. 2101335 - Betri Garðabær - staða framkvæmda.

Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við verkefni sem falla undir Betri Garðabæ.

5. 2106029 - Austurhraun 7 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Austurhrauni ehf., kt. 550206-0990, leyfi fyrir viðbyggingu fyrir loftræstisamstæðu við atvinnuhúsnæði að Austurhrauni 7.

- 6. 1911425 - Austurhraun 9 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Marel hf., kt. 620483-0369, leyfi til að endurnýja og breyta þaki á tengibyggingu atvinnuhúsnæðis að Austurhrauni 9.
- 7. 2109212 - Kinnargata 92 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita HHV ehf., kt. 450916-1880, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 20 íbúðum að Kinnargötu 92.
- 8. 2107287 - Mariugata 20 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Brimhyrnu ehf., kt. 640119-1600, leyfi til að byggja raðhús að Mariugötu 20.
- 9. 2107288 - Mariugata 22 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Brimhyrnu ehf., kt. 640119-1600, leyfi til að byggja raðhús að Mariugötu 22.
- 10. 2107289 - Mariugata 24 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Brimhyrnu ehf., kt. 640119-1600, leyfi til að byggja raðhús að Mariugötu 24.
- 11. 2111211 - Tilkynning frá Hafnarfjarðarbæ varðandi lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.**
Bæjarráð vísar tilkynningunni til umfjöllunar skipulagsnefndar.
- 12. 2111173 - Bréf Kópavogsbæjar varðandi deiliskipulag Smárahvammsvegar, dags. 04.11.21.**
Bæjarráð vísar tilkynningunni til umfjöllunar skipulagsnefndar.
- 13. 2111230 - Bréf Garðakórsins varðandi styrk, dags. 27.10.21.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022.
- 14. 2102374 - Bréf Þjóðskjalasafns Íslands varðandi skýrslu um skjalavörslu og skjalastjórn sveitarfélaga, dags. 16.11.21.**
Með bréfinu fylgdi skýrsla um niðurstöður könnunar á skjalavörslu og skjalastjórn sveitarfélaga sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns Íslands.
- 15. 2111239 - Erindi Soroptimistaklúbbs Hafnarfjarðar og Garðabæjar varðandi átak á heimsvísu undir heitinu "Roðagyllum heiminn", dags. 15.11.21.**
Í erindinu er hvatning um að lýsa upp turninn á bæjarskrifstofunum með appelsínugulum ljósum og taka þannig þátt í átaki á heimsvísu „Orange the World“ en markmiðið átaksins er að vekja athygli á ofbeldi gegn konum.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjóra.

16. 2111288 - Bréf Hestamannafélagsins Spretts (afrit) varðandi kynningu Markaðsstofu Kópavogs á gönguleiðum, dags. 11.11.21.

Í bréfinu er vakin athygli á að Markaðsstofa Kópavogs hefur gefið út gönguleiðakort þar sem sérmerktir reiðstígar hafa verið tilgreindir sem almennar gönguleiðir.

17. 2011383 - Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannaástoðar

Bæjarráð vísar reglunum til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
46. (2004). fundur 2021

Þriðjudaginn 30. nóvember 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bærarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID-19 - Staða mála. (JVM mætir á fundinn)

1. 2001444 - COVID-19 - Staða mála. (JVM mætir á fundinn)

Á fund bæjarráðs mætti Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri Almannaavarna á höfuðborgarsvæðinu. Jón Viðar fór almennt yfir stöðuna og lagði fram upplýsingar um þróunina í faraldrinum sem staðið hefur í 642 daga. Hjá sveitarfélögunum hefur verið lögð áhersla að halda órofinni starfsemi sem almennt hefur gengið mjög vel. Jón Viðar fór yfir þróunina í Garðabæ frá júlí 2021 og stöðuna almennt í leikskólum og grunnskólum og upplýsti um skiptingu smita hjá einstaklingum eftir aldurshópum.

Jón Viðar vakti athygli á vefsíðu sem RÚV hefur opnað undir heitinu íslenska kovidkortid en þar eru upplýsingar um stöðu mála uppfærðar daglega. Jón Viðar kom inn á umræðu og aðgerðir vegna Ómíkrón afbrigðisins.

Björg Fenger, bæjarfulltrúi var á fjarfund bæjarráðs undir dagskráliðum 1 og 2.

2. 2106536 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 (2022-2025).

Bærarstjóri gerði grein fyrir tillögum um álagningu fasteignaskatta og þjónustugjalda sem verða til afgreiðslu á fundi bærarstjórnar 2. desember nk. ásamt tillögum um breytingar milli umræðna.

Lagt fram yfirlit yfir mál sem vísað hefur verið til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

3. 2111068 - Miðhraun 4 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RA ehf., kt. 590404-2410, leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi atvinnuhúsnæðisins við Miðhraun 4.

4. 2010451 - Kirkjulundur 17 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Fjölráði ehf., kt. 510602-2930, leyfi fyrir uppsetningu reykháfs við atvinnuhúsnæðið við Kirkjulundur 17.

5. 2111168 - Þrastarlundur 4 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir að veita Ágústi Rafni Ingólfssyni, kt. 070241-2189, leyfi fyrir byggingu sólskála við einbýlishúsið við Þrastarlundur 4.

6. **1912107 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra vegna lóðarinnar við Hraunhóla 8.**
Bæjarráð samþykkir að vísa málinu á þessu stigi til bæjarstjóra vegna samkomulags við lóðarhafa um greiðslu byggingarréttargjalds og gatnagerðargjalds.

7. **1907083 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna Víkurgötu 19.**
Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn lóðarhafa að Víkurgötu 19 um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholt vegna lóðarinnar við Víkurgötu 19. Í umsókninni var farið fram á stækkun byggingarreits vegna útskots fyrir svalir.

8. **2108232 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Blikanes 22.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Blikanes 22 sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits til suðaustur. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 43. gr. laganna og bærust engar athugasemdir.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri vék sæti við umræðu og afgreiðslu málsins.

9. **2109133 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Blikanes 6.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Blikanes 6 sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits til norðausturs. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 43. gr. laganna og bærust engar athugasemdir.

10. **2102544 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi vegna uppsetningar aðkomutákns við mörk Garðabæjar og Hafnarfjarðar við Reykjanesbraut.**
Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að veita leyfi til framkvæmda fyrir uppsetningu á aðkomutákni við mörk Garðabæjar og Hafnarfjarðar við Reykjanesbraut.

11. **2108621 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna göngustígs o.fl. við Mosagötu.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts sem gerir ráð fyrir breytingu á göngustíg, leiksvæði o.fl. á svæði við Mosagötu.

12. **2110336 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulegt frávík frá deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Grímsgötu 2-4.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að aðeins ein íbúð verði á aðkomuhæð í stað tveggja en um óverulegt frávík er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

13. **2111211 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tilkynningu um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.**
Lögð fram.

14. 2105498 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts vegna íbúðarbyggðar við Þorraholt.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. sömu laga breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts vegna íbúðarhúsaloða við Þorraholt. Fallið er frá gerð lýsingar og forkynningar samkvæmt heimild í 2. ml. 1. mgr. 43. gr. og 3. ml. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

15. 2110329 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Iðnbúðar og Smiðsbúðar vegna lóðarinnar við Iðnbúð 6.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Iðnbúðar og Smiðsbúðar í tilefni umsóknar lóðarhafa að Iðnbúð 6 um stækkun byggingarreits. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Iðnbúðar 4 og 8 og Gilsbúðar 3, 5 og 7.

16. 2103060 - Umsóknir ráðgjafa vegna vinnu við gerð rammahluta aðalskipulags og deiliskipulags fyrir þróunarsvæði A.

Upplýst var að alls bárust umsóknir frá fimm ráðgjafateymum vegna vinnu við gerð rammahluta aðalskipulags og deiliskipulags fyrir þróunarsvæði A.

- Yrki- arkitektar, VSÓ - ráðgjöf, VSB, verkfræðistofa, Felixx.
- Arkþing/Nordic og Efla.
- Landmótun, HJARK Hulda Jóns Arkitektúr, SaStudio, Verkfræðastofa Bjarna Viðarssonar, Teknik.
- Verkís
- Mannvit, Arkís, Landslag.

Við mat á ráðgjöfum verður m.a. horft til fjölbreytileika teyma, reynslu við skipulagsgerð og samgöngulausnir sem og reynslu við verkefnastjórnun og teymisvinnu í umfangsmiklum verkefnum. Lagt verður mat á innsendar umsóknir sem gildir 80% og kynningu ráðgjafa sem gildir 20% en í kynningunni hafa ráðgjafar tók á að segja frá nálgun sinni á verkefninu og svara spurningum matshóps. Í matshóp sitja Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri, Sólveig H. Jóhannsdóttir, skipulagsfræðingur og Svanhildur Gunnlaugsdóttir, landslagsarkitekt.

Bæjarráð samþykkir skipan matshóps.

Tillaga um val á ráðgjafateymi verður lögð fram til afgreiðslu í bæjarráði.

17. 2105271 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi ákvörðun bæjarstjórnar um deiliskipulag norðurhluta Hnoðrahólts.

Í úrskurðarorði kemur fram að hafnað er kröfum kæranda um ógildingu ákvörðunar bæjarstjórnar Garðabæjar um nýtt deiliskipulag fyrir norðurhluta Hnoðrahólts.

18. 2111398 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar Lionsklúbbs Álftaness um tímabundið áfengisleyfi í skötuveislu í íþróttamiðstöð Álftaness.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

19. 2111343 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar VH veitinga ehf. um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir veitingastað GKG.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

20. 2111360 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar UHS ehf. um rekstrarleyfi fyrir veitingastað að Urriðaholtsstræti 2.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

21. 2111137 - Endurnýjun samstarfssamnings við Hjálparsveit skáta.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögu að endurnýjun samnings um stuðning við Hjálparsveit skáta til að gilda árin 2022-2024.

Bæjarráð samþykkir samningsdrögin og vísar þeim til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

22. 2109340 - Opnun tilboða í þjónustu og viðhald gatnalýsingar í Garðabæ og Hafnarfirði.

Eftirfarandi tilboð bárust í þjónustu og viðhald gatnalýsingar og hafa tilboð verið yfirfarin.

Bergraf	kr. 277.308.424
TG Raf	kr. 215.344.734
Orkuvirki	kr. 556.987.375
Hlíðarhagi	kr. 256.149.740
Rafall	kr. 213.730.147
Raflína	kr. 197.037.150
Tengill	kr. 224.631.955

Kostnaðaráætlun kr. 328.809.064

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Raflínu ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðsla málsins. Vakinn er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 10 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

23. 2105046 - Niðurstöður greiningar á kostnaðarþróun Garðabæjar í þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir undirbúningi og aðdraganda málsins og upplýsti að verulega halli á að málaflökkurinn hafi verið fjármagnaður við yfirfærsluna til sveitarfélaganna. Bæjarstjóri sagði að gerðar hafa verið athugasemdir við að ekki er tekið tillit til kostnaðar vegna yfirstjórnar og þá var bent á að verulegar tafir geta verið á framkvæmd CIS mats.

Þorbjörg Kolbeinsdóttir, deildarstjóri bókhalds og Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs gerðu grein fyrir vinnu við útvegum upplýsinga og útreikninga vegna kostnaðarþróunar Garðabæjar í þjónustu við fatlað fólk.

Niðurstöður kostnaðargreiningar fyrir hvert einstakt á er eftirfarandi

Fjárvöntun 2018 kr. 448.098.233

Fjárvöntun 2019 kr. 482.866.053

Fjárvöntun 2020 kr. 581.885.953

Niðurstöðunum hefur verið skilað til starfshóps á vegum félagsmálaráðuneytis sem vinnur að greiningu á kostnaðarþróun sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk og hefur það hlutverk að vinna samantekt um raunkostað sveitarfélaga árin 2018-2020.

Bæjarráð vísar málinu til kynningar í fjölskylduráði og samráðshópi um málefni fatlaðs fólks.

24. 2111406 - Minnisblað - Tekjutenging afsláttar af leikskólagjöldum

Á fund bæjarráðs kom Sunna G. Sigurðardóttir, verkefnastjóri og gerði grein fyrir minnisblaði um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum.

Bæjarráð felur bærarstjóra að leggja fram í bæjarráði tillögu um ákvörðun og afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar

12. fundur 2021

Miðvikudaginn 24. nóvember 2021 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Eymundur Sveinn Einarsson varamaður, Hildigunnur Árnadóttir umsjónarfélagaráðgjafi, Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri og Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911005 - Tölulegar upplýsingar um stuðnings- og stoðþjónustu

Mál nr. 1911005, lagt fram til kynningar. Starfsfólk stuðningsþjónustu svarar spurningum fjölskylduráðs.

2. 2110230 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2110230, umsókn um styrk til greiðslu tryggingar húsaleigu. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

3. 2110229 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2110229, umsókn um styrk til greiðslu tryggingar húsaleigu. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

4. 2110343 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2110343, umsókn um styrk til greiðslu tryggingar húsaleigu. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

5. 2110374 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2110374. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

6. 2006641 - Aðgengi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða og TravAble app

Tekið er fyrir mál nr. 2006641, úttekt á aðgengi hreyfihamlaðra að helstu stofnunum, leiksvæðum og strætóskýlum í Garðabæ. Fjölskylduráð fjallaði um úttektina og hvetur til nánari skoðunar á þeim þáttum sem þarfnast úrbóta í samstarfi við tækni- og umhverfissvið og þjónustumiðstöð.

7. 1911396 - Loftlagsstefna Garðabæjar

Tekið er fyrir mál nr. 1911396, drög að loftlagsstefnu Garðabæjar lögð fram og rædd. Fjölskylduráð fagnar framlagðri stefnu og að sett séu fram skýr markmið við gerð stefnunnar.

8. 2111276 - Upplýsingabeidni frá nefnd um rannsókn á aðbúnaði og meðferð fullorðins fatlaðs fólks og fullorðinna með geðrænan vanda

Lagt er fram til kynningar mál nr. 2111276. Unnið verður að svari til starfshóspins fyrir 31.12.2021.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
28. fundur 2021

Þriðjudaginn 23. nóvember 2021 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi, Hjördís Guðrún Ólafsdóttir fulltrúi leikskólastjóra og Aðalheiður Eva Víktorsdóttir fulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2111242 - Fjárhagsáætlun leikskóla 2022

Lúðvík Hjalti Jónsson kynnti fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2022.

2. 2109472 - Starfsáætlanir leikskóla 2021 - 2022

Starfs- og matsáætlanir lagðar fram til kynningar. Leikskólanefnd vill koma á framfæri að góð þróun og framfarir hafa átt sér stað við gerð áætlanna.

3. 2109208 - Innritun í leikskóla haust 2021.

Upplýst var um stöðu innritunar og vinnu að gerð auglýsingaherferðar sem hófst á mánudaginn 22. nóvember.

4. 1911163 - Lýðræðisstefna Garðabæjar- endurskoðun

Hulda Hauksdóttir kynnti vinnu við endurskoðun á lýðræðisstefnu Garðabæjar.

5. 2111198 - Sérverkefnasjóður leikskóla

Sérverkefnasjóðurinn hefur aftur verið settur á fót, reglur verða settar um notkun hans.

6. 2110298 - Umsóknir um ytra mat í leikskólum

Beiðni Garðabæjar um ytra mat á leikskóladeild Urriðaholtsskóla var hafnað sökum þess hve stutt er síðan leikskóli var tekin út sveitarfélaginu.

7. 2111240 - Tilfærsla á skipulagsdegi

Beiðni á tilfærslu á starfsdegi Akra frá 11. janúar til 25. maí 2022 samþykkt.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar 36. fundur 2021

Mánudaginn 15. nóvember 2021 kl. 16:00 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén varamaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911163 - Lýðræðisstefna Garðabæjar- endurskoðun

Fyrir fundinum lágu drög að endurskoðaðri lýðræðisstefnu Garðabæjar ásamt drögum að viðaukum. Lýðræðisstefnan er unnin af þverfaglegum starfshópi starfsfólks í samráði við fjölskylduráð Garðabæjar.

Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri kynnti endurskoðun á lýðræðisstefnunni sem er í umsagnarferli hjá nefndum bæjarins og greindi frá því að fulltrúar í nefndum hafi tækifæri til að koma ábendingum og athugasemdum á framfæri við úrvinnslu stefnunnar áður en hún verður lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Hulda fór af fundi í lok kynningar.

Menningar- og safnanefnd lýsir yfir ánægju sinni með fyrirbyggjandi drög að endurskoðaðri lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Gestir

hulda hauksdóttir - 16:00

2. 2111208 - Menningardagskrá fyrir skólahópa 21/22

Menningarfulltrúi sagði frá menningardagskrá fyrir skólahópa á vorönn og haustönn 2021 en þrátt fyrir heimsfaraldur hefur mikill fjöldi skólahópa og barna notið dagskrár á Hönnunarsafni Íslands, Tónlistarskóla Garðabæjar, Bókasafni Garðabæjar og á Barnamenningarhátíð Garðabæjar 2021.

Menningarfulltrúi þakkaði skólastjórnendum og kennurum fyrir frábærar viðtökur og afar gott samstarf sem hefur leitt til geysimikillar þátttöku skólahópa í menningardagskránni í ár.

Menningarfulltrúi tilkynnti að fyrirhuguðum tónleikum grunn- og miðstignemenda í grunnskólum bæjarins nú í nóvember hafi verið festað um óákveðinn tíma vegna samkomutakmarkana.

Farið var yfir áform um menningardagskrá fyrir skólahópa í Garðabæ á vorönn 2022 þar sem m.a. verður á dagskrá Barnamenningarhátíðar verkefni tengt minjagarðinum á Hofsstöðum sem fengið hefur styrk frá Þjóðræknifélagi Íslendinga.

3. 2010045 - Tónlistarveisla í skammdeginu með GDRN frestað

Vegna samkomutakmarkana verður ekki mögulegt að halda tónleika á Garðatorgi undir merkjum Tónlistarveislu í skammdeginu eins og fyrirhugað var þann 18. nóvember 2021. Söngkonan GDRN ásamt hljómsveit ætlaði að koma fram en viðburðurinn bíður þangað til heimildir til samkomuhalds verða rýmkaðar á ný.

4. 2111209 - Aðventuhátíð Garðabæjar

Aðventuhátíð Garðabæjar sem menningar- og safnanefnd hafði boðið fjölskyldum í Garðabæ til á Garðatorgi þann 27. nóvember 2021 í samvinnu við Hönnunarsafn Íslands og Bókasafn Garðabæjar hefur verið aflýst vegna samkomutakmarkana. Menningarfulltrúi mun nú leita annarra leiða til að veita börnum í Garðabæ tækifæri til að fagna upphafi aðventu í ár. Til skoðunar er að fá leikskólabörn til að tendra ljósin á jólatré Garðabæjar og að gera þeim dagamun með einhverjum hætti í kjölfarið.

5. 2104128 - Hvatningarsjóður ungra listamanna

Menningarfulltrúa falið að móta tillögu að endurskoðuðum reglum um úthlutun úr Hvatningarsjóði fyrir unga listamenn í Garðabæ með það að leiðarljósi að ungir hönnuðir komi þar einnig til álita við úthlutun styrkja jafnframt því að skoðaðir verði möguleikar á að veita ungmennaráði bæjarins hlutverk í verkefninu, t.d. þegar farið er yfir umsóknir sem berast um framlag úr sjóðnum.

6. 2110303 - Fjárhagsáætlun 2022

Sviðstjóri fræðslu- og menningarsviðs fór yfir þann hluta fyrirbyggjandi frumvarps að fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 sem snýr að menningarmálum en fjárhagsáætlunin var til fyrri umræðu í bæjarstjórn 4. nóvember sl.

7. 2109239 - Fyrstu áfangaskýrslur um óbein áhrif COVID-19

Fyrir fundinum lá tilkynning heilbrigðisráðuneytisins dags. 09.09.2021 varðandi fyrstu áfangaskýrslur um óbein áhrif Covid-19 á íslenskt samfélag. Skýrslurnar lágu frammi og voru ræddar.

Menningar- og safnanefnd er einhuga um að áframhaldandi menningardagskrá verði í boði fyrir skólahópa á öllum stigum í skólum Garðabæjar. Nefndin leggur einnig mikla áherslu á að unglingum í bænum verði boðið að taka þátt í dagskrá við sitt hæfi en fram kemur í fyrirbyggjandi gögnum að sá hópur hafi átt sérstaklega erfitt uppdráttar í heimsfaraldrinum.

Menningar- og safnanefnd mun þannig áfram leitast við að leggja jákvætt lóð á vogaskálarnar í bæjarlífinu með ríkulegri menningardagskrá fyrir grunnskólabörn á komandi árum.

8. 1911396 - Loftlagsstefna Garðabæjar

Fyrir fundinum lá tillaga umhverfisnefndar að loftlagsstefnu Garðabæjar ásamt aðgerðaáætlun en umhverfisnefnd samþykkti á fundi sínum 12. nóvember sl. að senda stefnuna til kynningar í nefndum bæjarins og í framhaldi til samþykktar í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks 4. fundur 2020

Fimmtudaginn 11. nóvember 2021 kl. 10:30 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar. í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020

Fundinn sátu: Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Bergþóra Bergsdóttir aðalmaður, Elín Hoe Hinriksdóttir aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Hjörtfríður St Guðlaugsdóttir umsjónarþroskajálfi.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2110365 - Aðgengismál fatlaðra - tækifæri að bættu aðgengi fatlaðra í sveitarfélagi

Mál nr. 2110365 lagt fram til kynningar, kynning aðgengisfulltrúa ÖBÍ á verkefni sem snýr að bættu aðgengi fyrir fatlað fólk.

2. 2006641 - Aðgengi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða og TravAble app

Mál nr. 2006641 tekið til umræðu. Almenn ánægja er með framlagðar skýrslur um aðgengi að stofnunum, leiksvæðum og strætóskýlum í bæjarfélaginu. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks hvetur til skoðunar á þeim þáttum sem þarfnast úrbóta og bendir jafnframt á nauðsyn þess að gera heildarúttekt á aðgengismálum í bæjarfélaginu.

3. 2111156 - Beiðni um umsögn vegna umsóknar Klettabæjar um starfsleyfi

Mál nr. 2111156 tekið fyrir, beiðni um umsögn vegna umsóknar Klettabæjar um starfsleyfi til að reka stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks í Garðabæ gerir ekki athugasemdir við að starfsleyfið sé veitt.

4. 2111159 - Beiðni um umsögn vegna umsóknar Raunríks ehf. um starfsleyfi

Mál nr. 2111159 tekið fyrir, beiðni um umsögn vegna umsóknar Raunríks ehf. um starfsleyfi til að reka stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks í Garðabæ gerir ekki athugasemdir við að starfsleyfið sé veitt.

5. 2111034 - Tölulegar upplýsingar í málefnum fatlaðs fólks

Mál nr. 211034, svör starfsmanna fjölskyldusviðs við fyrirspurn Söru Daggar Svanhildardóttur, lagt fram til kynningar. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks leggur til að mótuð verði stefna í húsnæðismálum fatlaðs fólks í bæjarfélaginu.

6. 1911163 - Lýðræðisstefna Garðabæjar- endurskoðun

Tekið er fyrir mál nr. 1911163. Samráðshópur lýsir yfir ánægju með drög að lýðræðisstefnu Garðabæjar, fram kom ábending um að skoða upplýsingar sem snúa að notendaráði um málefni fatlaðs fólks í Garðabæ og eru í viðauka við lýðræðisstefnu.

Fleira ekki gert,
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
14. fundur 2021

Fimmtudaginn 25. nóvember 2021 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Kjartan Örn Sigurðsson varamaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda, Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur og Arnar Hannes Halldórsson byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2104420 - Vífilstaðahraun, deiliskipulag Fólkvangs

Þráinn Hauksson og Halldóra Narfadóttir hjá Landslagi ehf kynntu drög að deiliskipulagi Vífilstaðahrauns.

Viðað til frekari mótunar hjá ráðgjöfum og tækni-og umhverfissviði.

2. 2105498 - Þorraholt, dsk breyting, Hnoðraholt norður

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðraholt norður sem nær til íbúarbyggðar í Þorraholti.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á byggingarreitum sem hafa það að markmiði að bæta búsetugæði íbúðanna. Byggingarmagn breytist ekki en fjöldi íbúða getur orðið á bilinu 180-220 í stað 200 áður.

Byggingar næst núverandi byggð í Hnoðraholti eru óbreyttar.

Tillagan hefur verið kynnt fulltrúum íbúa í Hnoðraholti.

Fallið er frá verkefnislýsingu og forkynningu í samræmi við 40.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þar sem allar forsendur eru til staðar í aðalskipulagi sem er sett fram sem rammahluti.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 41. gr. sömu laga.

3. 2111064 - Breyting á vaxtamörkum svæðisskipulags í landi Garðabæjar. Aðal- og svæðisskipulagsbreyting.

Skipulagsstjóri fer yfir forsendur tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar sem kallar á breytingu vaxtamarka í svæðisskipulagi.

4. 2102111 - Viðiholt íbúðabyggð. Deiliskipulag

Skipulagsstjóri greinir frá ákvörðun tækni- og umhverfissviðs að fresta kynningarfundum sem fara átti fram í dag. Ástæðan er staðan í faraldrinum og samkomutakmarkanir.

Tilkynnt hefur verið að fundurinn muni fara fram eftir áramót.

Skipulagsnefnd leggur til að fundurinn verði haldinn fimmtudaginn 13. janúar 2022 og athugasemdafrestur verði framlengdur til 27. janúar.

5. 2102110 - Félagssvæði Sóta. Deiliskipulag.

Skipulagsstjóri greinir frá ákvörðun tækni- og umhverfissviðs að fresta kynningarfundum sem fara átti fram í dag. Ástæðan er staðan í faraldrinum og samkomutakmarkanir. Tilkynt hefur verið að fundurinn muni fara fram eftir áramót. Skipulagsnefnd leggur til að fundurinn verði haldinn fimmtudaginn 13. janúar 2022 og athugasemdafrestur verði framlengdur til 27. janúar.

6. 2109133 - Blikanes 6 - stækkun byggingarreits. -Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Arnarness sem nær til lóðarinnar Blikanes 6 að lokinni grenndarkynningu. Tillagan gerir ráð fyrir stækkuðum byggingarreit á bakhluta lóðar til norðausturs. Engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Arnarness.

7. 1912107 - Hraunhólar 8, breyting á deiliskipulagi Hraunholts eystra

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags lóðarinnar Hraunhólar 8 að lokinni grenndarkynningu. Vegna mistaka voru ný lóðarmörk ekki sýnd eins og lóðarhafi hafði óskað eftir. Gerði umsækjandi því athugasemd við grenndarkynninguna. Þar sem að lagfæring lóðarmarka varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og sveitarfélagsins samþykkir skipulagsnefnd lagfæringu á tillögunni hvað varðar lóðarmörk og lögum byggingarreits. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindri breytingu sem óverulega breytingu deiliskipulags Hraunholts eystra í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. 2110329 - Iðnbúð 6 - stækkun á byggingareit - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits á baklód. Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Iðnbúðar/Smiðsbúðar samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Iðnbúðar 4 og 8 og Gilsbúðar 3, 5 og 7.

9. 2110369 - Hraunás 3 innréttu bílskúr - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Fyrirspurn vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

10. 2108232 - Blikanes 22 - fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Grenndarkynningu lýkur 10. nóv 2021

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Arnarness sem nær til lóðarinnar Blikanes 22 að lokinni grenndarkynningu. Tillagan gerir ráð fyrir stækkuðum byggingarreit á suðausturhluta hússins. Engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Arnarness.

11. 2102544 - Hönnun - Útboð - Aðkomutákn við Hafnarfjörð - Reykjanesbraut

Lögð fram umsókn tækni- og umhverfissviðs um framkvæmdaleyfi fyrir uppsetningu aðkomutákns við mörk Garðabæjar og Hafnarfjarðar við Reykjanesbraut að

sunnanverðu.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis fyrir uppsetningu aðkomutákns í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um jákvæða umsögn Vegagerðarinnar.

12. 1907083 - Víkurgata 19 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir því að byggingarreitur fyrir leyfileg innskot/útskot stækki.

Með vísan í fyrri afgreiðslur málsins hafnar skipulagsnefnd tillögunni.

13. 2108621 - Mosagata leiksvæði. Breyting á deiliskipulagi Urriðaholts vesturhluti

Lögð fram tillaga að breyting deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta sem gerir ráð fyrir að göngustígur frá Mosagötu að göngustíg á milli lóða við Mosagötu og Holtsveg falli út ásamt leiksvæði. Um leið breytast mörk lóðarinnar Mosagata 4 sem stækkar til norðvestur.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

14. 2110336 - Grímshaga 2-4 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa og húsbyggjanda um útfærslu 1. hæðar ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.

Með vísan í umsögn deiliskipulagshöfundar gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar hvað umrædda útfærslu varðar.

15. 1911163 - Lýðræðisstefna Garðabæjar- endurskoðun

Hulda Haukssdóttir upplýsingafulltrúi Garðabæjar kynnti vinnu við endurskoðun Lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillögu að Lýðræðisstefnu Garðabæjar.

16. 1911396 - Loftlagsstefna Garðabæjar

Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda gerði grein fyrir tillögu að Loftlagsstefnu Garðabæjar.

Skipulagsnefnd bendir á að í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er gert ráð fyrir umstalverðri íbúafjölgun í sveitarfélaginu næstu árin sem þarf að taka tillit til í gerð loftslagsstefnu Garðabæjar.

17. 2108303 - Tillaga um að gera heildstætt mat á vistvænum samgöngum í Garðabæ.

Skipulagsnefnd felur tækni- og umhverfissviði að hefja vinnu við endurskoðun á kafla 4, samgöngur og þjónustukerfi, í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 þar sem áhersla verður á vistvænar samgöngur í bæjarfélaginu og í kjölfarið unnin aðgerðaráætlun sem dregur úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá umferð og eflir um leið sjálfbærni og heilsuefningu samfélagsins.

18. 2111211 - Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breyting. Skipulagslýsing. Hellnahraun

Hellnahraun, aðalskipulagsbreyting vegna landnotkunar og skilgreiningar á afmörkun svæðis. Breytingin felur í sér að þynningarsvæði er fellt niður og landnotkunarflokkurinn I3 verður hluti af AT3 og landnotkunarflokkurinn I4 verður hluti af AT4.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við skipulagslýsinguna.

19. 2111173 - Smárahvamsvegur, Deiliskipulag

Vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

20. 1804300 - Álftanes sjóvarnir

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi fyrir sjóvörnum í Helguvík og á Skansinum á Álftanesi

Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir gerð sjóvarna í fólkvanginum að Hliði og við Bessastaðaskans.

Afla þarf umsagnar Forsetaembættisins, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar.

21. 2111023F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

21.1 2110078 - Muruholt 2 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram tillaga að girðingu á mörkum lóðarinnar Muruholt 2 að Lyngholti.

Með vísan í samþykkt um vegg og girðingar gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við veggghæð í 1,5 á þessari hlið lóðar á meðan að veggur verið brotinn upp á 2 til 3 stöðum og plöntur gróðursettar í innskotid.

Samkomulag eigenda aðliggjandi lóða við Klukkuholt þarf að liggja fyrir vegna veggja á og við þau lóðarmörk.

21.2 2110175 - Lyngholt 1 og 3 - óveruleg deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram umsókn lóðarhafa Lyngholts 1 og 3 um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir tilfærslu á lóðarmörkum um 90 cm til norðurs þannig að lóð nr. 1 stækkar um 27 m² en lóð nr.3 minnkar sem því nemur.

Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Breiðumýrar og norðanverðs Sviðholts í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Í samræmi við 2.ml.3.mgr.44.gr.sömu laga er grenndarkynning felld niður þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og sveitarfélagsins.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.3 2109366 - Borgarás 10 - Bílastæði - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu að lokinni grenndarkynningu. Engar athugasemdir. Tillagan skoðast því samþykkt.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.4 2107293 - Borgarás 12 - Fyrirspurn um hljóðgirðingu

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Deiliskipulag Hraunsholts vestra gerir ráð fyrir hljóðskermun en ekki á þessum stað. Fyrirspurn vísað til bæjarverkfræðings.

21.5 2111099 - Langamýri 22 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram fyrirspurn frá eiganda einnar íbúðar í fjölbýlishúsinu þar sem greint er frá því að bílastæði hafi verið útbúið á lóðinni án samþykkis annarra íbúa eða sveitarfélagsins. Svar: Hvorki mæliblað né aðalteikningar hússins gera ráð fyrir bílastæði við hlið bílageymslu og er notkun sem lýst er í erindi ekki í samræmi við samþykktir. Ef sótt er um leyfi fyrir umræddu bílastæði þarf samþykki húsfélags að liggja fyrir. Umsókn þess efnis kallar á deiliskipulagsbreytingu sem vísað yrði til grenndarkynningar.

21.6 2110079 - Efstilundur 5 - Tilkyning um framkvæmdir

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Sækja þarf um deiliskipulagsbreytingu og leggja fram uppdrátt sem er hæfur til grenndarkynningar.

21.7 2111042 - Móaflöt 6 stækkun á húsi - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram fyrirspurn um viðbyggingu að sunnanverðu.

Svar: Viðbygging er innan byggingarreits og stærð húss eftir stækkun innan marka hámarksnýtingarhlutfalls sem skilgreint er í deiliskipulagi Flata.

Tillaga að breytingu kallar ekki á deiliskipulagsbreytingu. Sækja þarf um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa.

21.8 2110138 - Markarflöt 57 - Deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram tillaga og umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits að norðarverðu sem nemur 76 fermetrum. Lengd hans yrði 19 m en dýpt 4 m. Fjarlægð frá byggingarreit yrði 5 metrar í stað 9.

Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Flata í samræmi við 2.mgr.43.greinar skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Markarflatar 55 og Sunnuflatar 33, 35 og 37.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.9 2108222 - Sunnuflöt 24 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram tillaga að óverulegri deiliskipulagi deiliskipulags Flata sem nær til lóðarinnar Sunnuflöt 24 að lokinni grenndarkynningu. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út 22.október. Engar athugasemdir bárust.

Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting á deiliskipulagi Flata.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.10 2107384 - Sunnakur 3 - Umsögn vegna lóðafrágangs - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram fyrirspurn um lóðarfrágang einbýlishússins Sunnakur 3. Lögð fram teikning með tillögu að lóðarfrágangi.

Svar: Baðhús stendur utan byggingarreits og við lóðarmörk, hæð veggja innan lóðarmarka og á lóðarmörkum er hærra en samþykkt Garðabæjar um veggi og girðingar gerir ráð fyrir.

Nauðsynlegt er er að hönnuðir kynni sér deiliskipulagsákvæði og samþykkt Garðabæjar um veggi og girðingar.

Tillögu að útfærslu lóðar hafnað.

21.11 2110336 - Grímsgata 2-4 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Fyrirspurn vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

21.12 2109063 - Hraungata 10 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir breytingum á einbýlishúsinu Hraungata 10.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að lagnarýmum í kjallara sé breytt í íverurými þar sem heimilt er að reisa 2-3 hæða hús á lóðinni samkvæmt deiliskipulagi. Þar sem deiliskipulag gerir ekki ráð fyrir kjöllum þarf að breyta skilgreiningum á hæðum og kalla þá hæð sem nú er sótt um 1.hæð o.s.f.v. Í deiliskipulag er kveðið á um að 1 íbúð skuli vera í húsinu. Sýna þarf á uppdrætti að innangengt sé á milli 1.hæðar og 2.hæðar.(óuppfyllt rýmis og 1.hæðar skv samþykktum teikningum)

Í umsókn um byggingarleyfi er sótt um tegund byggingar sem íbúðar og gistihús. Ekki er hægt að fallast á að húsið sé skilgreint sem gistihús og skal öll sala á gistingu í húsinu vera innan ákvæða um heimagistingar sbr.lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr.85/2007.

21.13 2110242 - Hraungata 44 steipt bílaplan - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um útfærslu á steiptu bílastæði lóðarinnar Hraungata 44 sem gerir ráð fyrir móttaka á ofanvatni innan lóðar.

Svar: Með vísan í afgreiðslu skipulagsnefndar og bæjarstjórnar vegna Kinnargötu 26 gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað ofangreinda útfærslu á bílastæði varðar þar sem að móttaki ofanvatns er innan lóðar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.14 2110246 - Hraungata 46 - Breyting á bílaplani

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um útfærslu á steiptu bílastæði lóðarinnar Hraungata 44 sem gerir ráð fyrir móttaka á ofanvatni innan lóðar.

Svar: Með vísan í afgreiðslu skipulagsnefndar og bæjarstjórnar vegna Kinnargötu 26 gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað ofangreinda útfærslu á bílastæði varðar þar sem að móttaki ofanvatns er innan lóðar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.15 1905048 - Mariúgata 30-32 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Með vísan í umsögn deiliskipulagshöfundar gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við lóðaruppdrátt. Skoða þarf þó ákvæði um gróður á lóðarmörkum að götu eins og bent er á í umsögn deiliskipulagshöfundar.

21.16 2110106 - Víkurgata 22 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Með vísan í umsöng deiliskipulagshöfundar gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað þakalla á sólskála varðar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
36. fundur 2021

Miðvikudaginn 24. nóvember 2021 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sófus Gústavsson, Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir, Sturla D Þorsteinsson, Emil Harðarson, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs, Ásta Kristín Ingólfssdóttir fulltrúi kennara, Hjörtur Jónsson fulltrúi foreldra, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi og Jóhann Skagfjörð Magnússon fulltrúi skólastjóra.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2106328 - Ytra mat - Hofsstaðaskóli

Skólastjóri Hofsstaðaskóla kynnti niðurstöður ytra mats og umbótaáætlun skólans.

2. 2012042 - Skólastefna Garðabæjar 2020

Upplýst var um stöðu við endurgerð menntastefnu.

3. 2010507 - Kórónaveira-COVID 19, staðan í grunnskólum

Farið yfir stöðuna í grunnskólum Garðabæjar síðustu vikur. Skólanefnd þakkar starfsfólki grunnskóla bæjarins fyrir fagmennsku og þrautseigju í störfum sínum.

4. 2111258 - Þróunarsjóður grunnskóla 2022

Rætt var um stöðu sjóðsins. Skólanefnd leggur áherslu á mikilvægi sjóðsins fyrir skólsamfélagið í bænum, áframhaldandi skólaþróun og starfsánægju. Farið yfir áherslur sjóðsins sl. ár og áherslur úthlutunar 2022.

5. 2111257 - Kynning og samtal við stjórnendur Garðaskóla

Skólanefnd þakkar skólastjóra Garðaskóla áhugaverða kynningu og fagnar því að kynna sér skólastarfið með þessum hætti.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands

03. fundur 2021

Fimmtudaginn 30. september 2021 kl. 15:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður, Þóra Sigurbjörnsdóttir, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1810001HO - Stefnumótun stjórnar Hönnunarsafns Íslands 2019 - 2023

Farið var yfir áhrif covid á starfsemi safnsins og hvernig sú þekking sem skapaðist í tengslum við rafræna hlið safnsins verður nýtt áfram. Stjórn safnsins er sammála um að það sem er mest aðkallandi í þessum efnum er sjálf heimasíða safnsins sem þarfnast endurnýjunar. Hönnunarvinnu vegna síðunnar er lokið en enn skortir fjármagn til að klára tæknilegu hliðina. Sótt verður um fjármagn fyrir þessu í þriðja skiptið samhliða fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið 2022.

2. 2109003HO - Ársskýrsla 2020

Farið yfir ársskýrslu safnsins fyrir árið 2020. Gestum fækkaði lítið sem ekkert á milli ára þrátt fyrir covid.

3. 2109002HO - Fjárhagsáætlun 2022

ekki náðist að fara yfir þennan lið.

4. 1903003HO - Húsnæðismál Hönnunarsafns Íslands

Garðabær hefur átt í samræðum við Reginn út af endurnýjun á leigusamningi vegna Garðatorgs 1. Í tengslum við nýjan samning myndi Reginn sjá um endurbætur á varðveislurými og stækkun á sýningarsölum svo koma megi fyrir fastasýningu. Ekki er komin niðurstaða í þetta mál.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

348. fundur

Föstudaginn 19. nóvember 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn fór fram á Hesthálsi 14 og í fjarfundi. Fundurinn hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen E. Halldórsdóttir (KEH) á fjarfundi, Rúnar Bragi Guðlaugsson (RBG), Helga Ingólfssdóttir (HI) á fjarfundi, Gunnar Valur Gíslason (GVG) á fjarfundi og Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ).

Fundinn sátu einnig Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

Dagskrá fundar:

1. Innri endurskoðunarskýrsla.
2. Árshlutauppgjör 30. september 2021.
3. Vagnakaupaútböð.
4. Starfsáætlun 2022.
5. Leiðarkerfismál.
6. Niðurstaða Persónuverndar.
7. Niðurstaða SRN.
8. Klappið – reynslan – næstu skref.
9. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Innri endurskoðunarskýrsla

Sif Einarsdóttir, innri endurskoðandi Strætó, kom á fundinn og fór yfir skýrslu innri endurskoðanda og greinargerð til stjórnar og endurskoðunarnefndar um innra eftirlit. Sigrún Guðmundsdóttir, fulltrúi endurskoðunarnefndar Strætó sat fundinn undir þessum lið.

2. Árshlutareikningur 30. september 2021

Framkvæmdastjóri og Elísa Kristmannsdóttir, deildarstjóri fjármála, lögðu fram og kynntu níu mánaða uppgjör félagsins. Árshlutauppgjórið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins. Rekstrarafkoma fyrstu níu mánaða ársins er 389 m.kr. undir áætlun. Tekjur eru um 845 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist af lægra COVID framlagi frá stjórnvöldum, minni umsvifum í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og farþegatekjum sem eru 72 m.kr. lægri en áætlun. Rekstrargjöld eru um 448 m.kr. lægri en áætlun, vegna aðhaldsaðgerða og minni umsvifa í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Sigrún Guðmundsdóttir fulltrúi endurskoðunarnefndar sat fundinn undir þessum lið.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta árshlutareikning Strætó bs. 30. september 2021 með undirritun sinni.

3. Vagnakaupaútböð

Fyrir fundinum lá minnisblað um vagnakaupaútböð og drög að fyrirkomulagi þess.

Stjórn Strætó heimilar að hefja vinnu við að útbúa útböðsgögn og leggja síðan fyrir stjórnarfund til samþykktar síðar.

4. Starfsáætlun 2022

Lögð voru fram drög að starfsáætlun 2022.

5. Leiðakerfismál

Valgerður G. Benediktsdóttir, sérfræðingur í skipulagsdeild kom og kynnti hugmyndir að frekari útfærslu hagræðingar á leiðakerfinu á næsta ári.

6. Niðurstaða Persónuverndar

Lögð var fram niðurstaða Persónuverndar vegna úttektar á merkingum vegna rafrænnar vöktunar í strætisvögnum.

7. Niðurstaða Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

Lagður var fram úrskurður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna ákvörðunar Strætó bs. í máli nr. SRN21020034

8. Klappið – reynslan – næstu skref

Daði Ingólfsson, deildarstjóri upplýsingatækni fór yfir reynslu af Klappinu, nýju rafrænu greiðslukerfi Strætó, fyrstu dagana og það sem er framundan.

9. Önnur mál

- a) Lagt fram erindi frá Félagi eldri borgara varðandi gjaldskrárbreytingar. Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara.

Fylgiskjöl: Greinargerð innri endurskoðanda til endurskoðunarnefndar og stjórnar.
Árshlutareikningar 30. september 2021.
Erindi FEB
Klappið

Fundi slitið kl. 12:30

Hjálmar Sveinsson

Karen Elísabet Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Rúnar Bragi Guðlaugsson

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2021, miðvikudaginn 10. nóvember 2021 haldinn 395. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Skálafelli og hófst kl. 09:20.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Guðmundur Geirdal varamaður fyrir Höllu Karí Hjaltsted Kópavogi og Ásgeir Sveinsson Mosfellsbæ. Björg Fengler Garðabæ og Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi boðuðu forföll.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Einar Bjarnason rekstrarstjóri Bláfjalla, Bob Van Duin rekstrarstjóri Skálafells og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram að nýju tillaga að gjaldskrá skíðasvæðanna. Samþykkt.
2. Rætt um viðbrögð vegna lokunar veturinn 2019-2020 vegna Covid. Framkvæmdastjóra falið hafa samband við korthafa 2019 og 2020.
3. Lagt fram 9 mánaða uppgjör.
4. Lögð fram fjárfestingaráætlun 2022. Frestað.
5. Rætt um gerð þjónustusamnings milli sveitarfélaganna um skíðasvæðin, sem rennur út úr áramótin.
6. Rætt um lyftur í Skálafelli.

Fundi slitið kl. 10:45.

Diljá Ámundadóttir Zoega

Guðmundur Geirdal
Kristín María Thoroddsen

Ásgeir Sveinsson

fsk. með
Gjaldskrá
9 mánaða uppgjör

**Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannaástoðar
sbr. 47. gr barnaverndarlaga nr. 80/2002.**

1. gr.

Fjölskylduráð Garðabæjar, sem fer með hlutverk barnaverndarnefndar Garðabæjar sbr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, veitir foreldrum og barni 15 ára og eldra sem er aðili máls fjárstyrk til greiðslu fyrir lögmannaástoð eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum, vegna málsmeðferðar fyrir ráðinu áður en kveðinn er upp úrskurður, sbr. 1. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

2. gr.

Veittur er fjárstyrkur vegna fyrirtöku á fundi fjölskylduráðs, þ.e. vegna vinnuframlags til undirbúnings og mætingar á fund fjölskylduráðs þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Eftir atvikum er jafnframt veittur styrkur til kynningar á niðurstöðum fjölskylduráðs.

Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum barnaverndar nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns. Ekki er veittur styrkur vegna kostnaðar við ferðalög og/eða ferðatíma lögmanns á fundi fjölskylduráðs Garðabæjar nema sérstaklega sé um slíkt samið.

Fjölskylduráð Garðabæjar veitir jafnframt aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmanskostnaðar fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. gr.

Fjárstyrkur til að greiða fyrir lögmannaástoð er háður því skilyrði að viðkomandi ástoðarmaður hafi virk lögmannsréttindi, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn.

4. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjáraðilar barns velja sér sjálfir lögmann. Hið sama gildir um barn sem náð hefur 15 ára aldri og er aðili að máli, sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

5. gr.

Umsækjandi um styrk skal leggja fram skriflega umsókn um fjárstyrk á fjölskyldusviði Garðabæjar.

Við ákvörðun um fjárstyrk er tekið tillit til efnahags umsækjanda.

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um efnahag umsækjanda, s.s. staðfest afrit af síðasta skattframtals, afrit af álagningarseðli, yfirlit yfir tekjur umsækjanda og önnur þau gögn er fjölskyldusvið kann að kalla eftir.

Fjárhæð styrks skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins. Tekið er mið af tímagjaldi sem fram kemur í viðmiðunarreglum dómstólasýslunnar um greiðslu málsvarnarlauna í sakamálum. Að jafnaði skal ekki veittur fjárstyrkur til greiðslu fleiri en 15 klst. vegna meðferðar máls fyrir fjölskylduráði og 10 klst. vegna meðferðar máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála. Fjárstyrkur er greiddur til lögmanns samkvæmt reikningi og framlagðri tímaskýrslu.

6. gr.

Ákvörðun um fjárhæð styrks er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

7. gr.

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls ef málefni þeirra sæta meðferð fjölskylduráðs Garðabæjar og þeim lögmonnum sem taka að sér að aðstoða þá, sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar.

xx. september 2021

Guðjón Erling Friðriksson

bæjarritari

Tillaga að breytingu á samþykktum Garðabæjar:

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 773/2013.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 12. gr. bætist við ný málsgrein og verður svohljóðandi:

Sveitarstjórnarmönnum/nefndarmönnum í bæjarstjórn, nefndum og ráðum á vegum bæjarins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélaginu Garðabæ eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. gr.

55. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem bærinn á aðild að.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög eða reglur mæla fyrir um:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Fimm bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

B. Til tveggja ára. Á fyrsta fundi í júní að afloknum bæjarstjórnarkosningum og tveimur árum síðar kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í:

1. *Stjórn Sorpu bs.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.
2. *Stjórn Strætó bs.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.

C. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

1. *Fjölskylduráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjölskylduráð skal annast störf þau sem barnaverndarnefnd og jafnréttisnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/2002 um barnavernd og lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
2. *Íþrótta- og íómstundaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt reglugerð samþykktri í bæjarstjórn þann 26. nóvember 1987.
3. *Yfirkjörstjórn Garðabæjar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021.
4. *Leikskólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
5. *Menningar- og safnanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 13. júní 2002 og 8. gr. bókasafnslaga nr. 150/2012.
6. *Skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
7. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
8. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 3. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

9. *Umhverfisstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 28. janúar 1988.
10. *Stjórn Hönnunarsafns Íslands*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands sem samþykkt var í bæjarstjórn Garðabæjar 7. nóvember 2013 og staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra 5. febrúar 2014.

D. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í eftirtaldar samstarfsnefndir:

1. *Almannavarnarnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
2. *Bláfjallanefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samningi aðildarsveitarfélaga.
3. *Fulltrúaráð Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu*. Fjóra fulltrúa samkvæmt 6. gr. samþykktu samtakanna frá 2. desember 2016.
4. *Heilbrigðisnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara. Bæjarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina samkvæmt 45. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
5. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 5. gr. samþykktu um Samband íslenskra sveitarfélaga frá 21. maí 2021.
6. *Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt starfsreglum nefndarinnar frá 6. september 2013.
7. *Stjórn Styrktarsjóðs Garðasóknar*. Einn aðalmaður og annar til vara.
8. *Stjórn Reykjanesfólkvangs*. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samningi aðildarsveitarfélaga.
9. *Stjórn SSH*. Einn aðalmaður sem er bæjarstjóri og annar til vara úr hópi kjörinna aðalmanna í bæjarstjórn samkvæmt samþykktum samtakanna frá 2. desember 2016.
10. *Stjórn SHS*. Einn aðalmaður sem er bæjarstjóri og annar til vara úr hópi kjörinna aðalmanna í bæjarstjórn samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.
11. *Öldungaráð*. Sjö aðalmenn samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 8. gr. laga nr. 37/2018. Sjá einnig 8. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. 19. gr. laga nr. 37/2018. Þrjú fulltrúar skulu kosnir af sveitarstjórn og þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni.
12. *Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks*. Sex aðalmenn samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 10. gr. laga nr. 37/2018. Þrjú fulltrúar skulu kosnir af sveitarstjórn og þrjú tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks.

E. Til fjögurra ára. Á fundi ári eftir reglulegar bæjarstjórnarkosningar:

1. Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu

Efni: Tillaga um álagningu fasteignagjalda árið 2022

Fasteignaskattur skal vera 0,179% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda og jarðeigna, sbr. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Fasteignaskattur skal vera 1,55% af öðrum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. c-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Leigugjald á íbúðarhúsalóðum Garðabæjar skal vera 0,4% af fasteignamati lóðar og er þá ekki nýtt að fullu heimild bæjarins sem er 1,0% samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra manna.

Leigugjald á atvinnuhúsalóðum Garðabæjar skal vera 1,0% af fasteignamati lóðar, samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra manna.

Vatnsgjald skal vera 0,095% af fasteignamati húsa ásamt lóðarréttindum, sbr. heimild í reglugerð um vatnsveitur.

Aukavatnsskattur skal á árinu 2022 vera 25,5 kr/tonn m.v. BVT í des 2021.

Á Álftanesi skal vatnsgjald vera samkvæmt gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur sem innheimtir vatnsgjald samkvæmt samningi.

Holræsa- og rotþróargjöld skulu vera 0,10% af fasteignamati húsa ásamt lóðarréttindum, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005.

Á Álftanesi skal rotþróargjald vera kr. 32.000.

Sorphirðugjald skal vera kr. 50.000 á hverja íbúð [sjá gjaldskrá].

Taðþróargjöld í hesthúsahverfi Andvara skulu vera 326.500 á hvert hús. [sjá gjaldskrá].

Fasteignaskattur og holræsagjald sem tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða skal lækka að teknu tilliti til viðmiðunartekna. Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að ákvarða viðmiðunartekjur samkvæmt reglum um lækkun fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2022 verða 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl 15. maí, 15. júní, 15. júlí 15. ágúst. 15. september og 15. október

Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir. Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorp, ásamt kostnaðarhlutdeildar við rekstur endurvinnslustöðva.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. ~~41.000~~ 49.000 á hverja íbúð á árinu ~~2021~~ 2022.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannalegum kostnaði. Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1229/2019.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
~~3. desember 2020~~ . desember 2021*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. ~~348.500~~ 326.500,- á hvert hús á árinu ~~2021~~2022.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt fyrir hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar nr. 958/2008 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1228/2019.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
~~3. desember 2020~~, desember 2021*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari*

GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA

Gildir frá 1. janúar 2021-2022

1. Gjald fyrir leikskólavist er kr. 2.1462.094 á mánuði fyrir hverja hálfu klukkustund á rekstrardegi skóla.
2. Lágmarksdvöl miðast við fjórar klukkustundir á dag.
Gjald fyrir hádegisverð er kr. 8.1238.326 á mánuði.
3. Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af leikskólagjaldi en greiða fullt verð fyrir fæði.
Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:
Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.
Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.
Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.
Allt nám sem er lánshæft er hjá LÍN telst gilt nám.
4. Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn á leikskóla, í tómstundaheimili eða hjá dagforeldrum, fá 50% afslátt af gjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% afslátt af gjaldi fyrir hvert barn umfram tvö, en greiða fullt verð fyrir fæði. Systkinaafsláttur gildir alltaf fyrir eldra/elsta barn óháð fjárhæðum. Sækja þarf um systkinaafslátt á sérstöku eyðublaði sem finna má á vefsíðu Garðabæjar.
5. Foreldrar geta sótt um tímabundinn afslátt af gjaldskrá vegna náms annars foreldris eða beggja og vegna atvinnuleysis á þar til gerðu eyðublaði og skal umsókninni fylgja vottorð um atvinnuleysi. Ákvæði þetta skal gilda tímabundið frá 1. janúar 2021 til ársloka.
6. Gjald umfram 8 tíma skal vera kr. 4.188.4292 fyrir hverja hálfu klukkustund og skal það vera óháð systkinaafslætti.

Commented [GEF1]: Verið að skoða tekjutengingu afslátta.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
~~3. desember 2020~~ desember 2021
Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari

Garðabær innheimtir 650 kr. foreldragjald mánaðarlega með leikskólagjöldum fyrir foreldrafélög leikskólanna. Gjaldið er innheimt að beiðni foreldrafélags og fært á viðskiptareikning foreldrafélagsins hjá bænum. Ráðstöfun er í höndum stjórnar foreldrafélaga í samráði við leikskólastjóra. Foreldragjald er fjárlst framlag sem foreldrum er ekki skylt að greiða.

GJALDSKRÁ FYRIR FRÍSTUNDAHEIMILI

Garðabær starfrækir frístundaheimili við Flataskóla, Hofsstaðaskóla, Sjúlandskóla
Álftanesskóla og Urriðaholtsskóla.

Í frístundaheimilum skólanna gefst nemendum skólanna kostur á að taka þátt í ýmis
konar leik og starfi

Gjald fyrir dægradvöl í frístundaheimili skal miðast við eftirfarandi sjö flokka.

1-10 klst./mán.	kr. 3.750 <u>3.850</u>
11-20 klst./mán.	kr. 7.500 <u>7.700</u>
21-30 klst./mán.	kr. 11.250 <u>11.550</u>
31-40 klst./mán.	kr. 15.000 <u>15.400</u>
41-50 klst./mán.	kr. 18.750 <u>19.250</u>
51-60 klst./mán.	kr. 22.500 <u>23.100</u>
61-70 klst./mán.	kr. 26.250 <u>26.950</u>
71-80 klst./mán.	kr. 30.000 <u>30.800</u>

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, á frístundaheimili eða hjá
dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er
50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir barn umfram tvö.

Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af
gjaldi.

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á
vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um
einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Allt nám sem er lánshæft er hjá LÍN telst gilt nám

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar ~~2021~~ 2022.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
~~3. desember 2020~~ desember 2021

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.

Úr gjaldskrá vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á frístundaheimilum grunnskólanna kr. 160 fyrir
síðdegishressingu.

GJALDSKRÁ FYRIR STARFSEMI FRÍSTUNDAR

Frístund fyrir börn með sérþarfir í 5. til 10. bekk við grunnskóla í Garðabæ er starfrækt í Garðaskóla.

Í frístund gefst nemendum kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi

Gjaldskrá:

1-10 klst./mán.	kr.	3.750 3.850
11-20 klst./mán.	kr.	7.500 7.700
21-30 klst./mán.	kr.	11.250 11.550
31-40 klst./mán.	kr.	15.000 15.400
41-50 klst./mán.	kr.	18.750 19.250
51-60 klst./mán.	kr.	22.500 23.100
61-70 klst./mán.	kr.	26.250 26.950
71-80 klst./mán.	kr.	30.000 30.800

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, í tómstundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram tvö.

Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af gjaldi.

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfolk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 30 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Allt nám sem er láns hæft er hjá LÍN telst gilt nám

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar 2022+.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
~~3. desember 2020~~ 2. desember 2022

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.

GJALDSKRÁ vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar

1. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á að málsverði á skólatíma í samræmi við opinber mannelismarkmið.

2. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á málsverði í hádegi gegn greiðslu matargjalds í áskrift að fjárhæð kr. 535520.

3. gr.

Í Garðaskóla er rekið mötuneyti nemenda þar sem seldar eru einstakar máltíðir, smáréttir, mjólkurvörur, drykkir, brauð og kökur. Verð skal vera samkvæmt auglýstum verðlista á heimasíðu skólans.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á tómstundarheimilum grunnskólanna kr. 170467 fyrir síðdegishressingu.

5. gr.

Garðabær hefur samið við Skólamat ehf. um skólamálsverði í grunnskólum Garðabæjar og rekstur mötuneytis nemenda Garðaskóla. Fyrirtækið annast innheimtu matargjalds samkvæmt 2. og 3. gr.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar ~~6. júlí 2021~~ bæjarstjórnar Garðabæjar 2. desember 2021 og öðlast gildi 1. ágúst ~~janúar 2021~~ 2022.

Garðabæ, ~~6. júlí 2021~~ 2. desember 2021

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Gjaldskrá að sundlauga Garðabæjar frá 1. janúar 2022

Börn 17 ára og yngri, 67 ára og eldri og öryrkjar fá gjaldfrían aðgang að sundlaugum Garðabæjar

Sundlaugarnar Ásgarði og Álftanesi

Börn á aldrinum 11-17 ára

Stakt gjald sund (og þrek*)	- kr.
10 miða kort**	- kr.
30 miða kort**	- kr.
Árskort í þreksal (Ásgarði) og sund 16-17 ára	- kr.
* Börn yngri en 16 ára fá ekki aðgang að þreksal nema í fylgd íþróttakennara	

Fullorðnir á aldrinum 18-66 ára

	verð	
Stakt gjald í sund	750 kr.	770
10 miða kort**	4.600 kr.	4.700
30 miðar **	9.500 kr.	9.700
Árskort í sund (og þreksal Ásgarði)	38.000 kr.	38.900
Stakt skipti í gufubað Ásgarði	-	
10 miðar í gufu**	-	

Ýmis þjónusta

Sundföt eða handklæði	580 kr.	590
Hvert kaffiglas - með ábót	- kr.	
** Garðakort - rafræn CTS kort	850 kr.	870
** Stofngjald afsláttarkorta er 800 kr. En þau má nýta áfram til endurhleðslu		

Varðandi aðra þætti gjaldskyldu

- Börn 0-17 ára eru ekki gjaldskyld, miðað er við daginn sem þau verða 18 ára.
- Gjaldskylda fellur niður við 67 ára aldur og miðast við afmælisdag, framvísa verður persónuskilríkjum og **kaupa rafrænt aðgangskort.**
- Öryrkjar eru ekki gjaldskyldir gegn framvísun skirteinis sem gefið er út af Sjálfsbjörgu, félagi fatlaðra í Reykjavík, sem skal endurnýjað árlega.
- Skirteini Tryggingastofnunar ríkisins "grænt skirteini" vegna varanlegrar örorku eða "gult skirteini" vegna tímabundinnar örorku og skirteini Blindrafélags "blátt skirteini".
- Allir sem fá "frían" aðgang þurfa að nota rafræn **Garðakort**

Varðandi eldri kort

- Öll klippikort gilda áfram þar til þau eru upp urin!
- Afsláttarmiðar eru aðeins seldir inná rafræn CTS kort

Útleiga á íþróttasölum

Greiða skal fyrirfram fyrir afnot nema um fasta samninga sé að ræða

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 3. desember 2020 – 2. desember 2021

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.

lhj 30/11 2021

Breytingartillögur - fjárhagsáætlun 2022.

Breytingar rekstur:

1.	Lækkun á álagningarhlutfalli fasteignaskatts:	
a.	Íbúðarhúsnæði 0,179%	31.000.000
b.	Atvinnuhúsnæði 1,550%	24.000.000
c.	fjölgun fasteigna 2022 í fasteignamati	-25.000.000
2.	Sorpgjald -49.000	-44.600.000
3.	Staðgreiðsla útsvars	-130.400.000
4.	Jöfnunarsjóður	-26.300.000
5.	Mánahvoll hækkun frá frumvarpi	30.000.000
6.	Leikskóli Urriðaholti -færanlegar einingar, rekstur frá apríl	150.000.000
7.	Ungmennahús rekstur	6.000.000
8.	Samningur við Stjórnuna	10.000.000
9.	Endurnýj. samningar við æskulýðs- og íþróttafélög	6.300.000
10.	Launapottur á leikskólum	25.000.000
11.	Tónlistarskóli stöðugildi	10.000.000
12.	Menningarmál, þróunarsjóður	8.000.000
13.	Byggingaréttur	-80.000.000
14.	Stöðugildi á fjölskyldusviði	11.200.000
15.	Lækkun kostnaðar vegna sorphreinsunar og endurvinnslust. (miðað við endanlega áætlun Sorpu)	-5.200.000
Samtals rekstur		0

Breyting á framkvæmdaáætlun

1.	Nýjar sorptunnur	24.000.000
2.	LED götulýsing (sama tala á 2023 og 2024)	34.000.000
3.	Skólalóðir	100.000.000
Samtals		158.000.000